

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 3. júlí 2009

Óbreyttir stýrivextir – veruleg vonbrigði

Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum, eða í 12%. Samkvæmt yfirlýsingum nefndarinnar er bakgrunnur ákvörðunarinnar sá að gengi krónunnar hefur verið umtalsvert lægra en nefndin taldi viðunandi í mars. Þá segir nefndin að verðbólga og verðbólguvæntingar hafi einnig aukist. Þar vísar nefndin til hækkunar á vísitölu neysluverðs í júní og aukningu á tólf mánaða verðbólgu, sem nefndin telur að rekja megi að mestu leyti til umtalsverðrar gengislækkunar frá því í mars og nýlegrar hækkunar óbeinna skatta.

Í ljósi þess hversu augljós þörf er á frekari lækkun vaxta fyrir atvinnulíf og heimili almennt veldur þessi ákvörðun peningastefnunefndar verulegum vonbrigðum. Eins og kemur fram í yfirlýsingu nefndarinnar þá hefur töluvert miðað áleiðis á nokkrum mikilvægum vígstöðum, en þar bera ráðstafanir í ríkisfjármálum til skemmri tíma og langtímaáætlun um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum hæst. Við síðustu vaxtaákvörðun, þann 4. júní síðastliðinn, taldi nefndin einmitt þessar aðgerðir vera grundvöll þess að endurheimta traust markaðarins svo svigrúm yrði skapað til áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds. Þrátt fyrir mikilvægi þessara aðgerða þá virðast þær þannig hafa haft takmörkuð áhrif á vaxtaákvörðun peningastefnunefndar í dag. Þetta vekur eðlilega upp spurningar hvort nefndin telji aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi gengið of skammt.

Ljóst er að raunvextir eru enn óþægilega háir og verða að lækka verulega og sem allra hraðast til þess að auka flæði súrefnis inn í rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem er afar bágborið þessa stundina. Til skemmri tíma er þetta eitt helsta hagsmunamál íslenskra fyrirtækja og heimila. Vonir Viðskiptaráðs standa því til þess að í næsta skrefi, í ágúst, verði vextir lækkaðir undir 10%. Það er hins vegar að mestu undir aðgerðum ríkisstjórnar komið hvort það verði reyndin eður ei.

Yfirlýsingu peningastefnunefndar má nálgast [hér](#).

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndar verður birt 13. ágúst næstkomandi.

Afdráttaskattar á vaxtagreiðslur

Alþingi samþykkti nú fyrir helgi [frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum](#). Eins og Viðskiptaráð hefur áður fjallað um er áhersla ríkisstjórnarinnar því miður fyrst og fremst á aukna tekjuöflun í gegnum skattheimtu og aðrar opinberar álögur, í stað niðurskurðar og hagræðingar í ríkisrekstrinum. Slík áhersla

er ekki einungis til þess fallin að draga úr umsvifum einkaaðila í hagkerfinu og gera rekstrarumhverfi þeirra verra en þegar er, sem dregur að öllum líkindum úr skatttekjum ríkissjóðs, heldur gætir áhrifa hennar nú þegar í þeirri ákvörðun peningastefnunefndar að lækka ekki vexti eins og nefnt var hér að ofan.

Einn angi þessa frumvarps er skattlagning vaxtagreiðslna til erlendra aðila, sem Viðskiptaráð fjallaði um í nýlegri skoðun [Skattlagning vaxtagreiðslna: Óheppileg leið að settu marki](#). Það er álit Viðskiptaráðs og fjölda annarra að neikvæðar afleiðingar þessarar skattlagningar verði margvíslegar. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að íslensk fyrirtæki muni í reynd bera þann skatt sem frumvarpið hyggst leggja á móttakanda vaxtagreiðslunnar; í öðru lagi mun skattlagningin leggja þránd í götu erlendrar fjárfestingar héraðs og var þó staðan verulega slæm fyrir; í þriðja lagi þá verður hér við lýði skattlagning sem þekkist ekki innan innri markaðar Evrópu og í fjórða lagi verður vegið að grundvelli afnáms gjaldeyrishafta hvað nýjar fjárfestingar varðar. Það er von Viðskiptaráðs að fjármálaráðuneytið nýti reglugerðarheimild sína með þessu ákvæði afar skjótt og sníði hana þannig að komið verði að mestu í veg fyrir ofangreindar afleiðingar.

Aðrar breytingar laganna eru m.a. eftirfarandi:

1. Hækkun tryggingargjalds og ábyrgðargjalds, tók gildi 1. júlí.
2. Hækkun vörugjalda, tekur gildi 1. september.
3. Breytingar á staðgreiðslugjaldkögum fjármagnstekjuskatts, tóku gildi við samþykkt frumvarpsins.
4. Skattlagning vaxtagreiðslna, tók strax gildi og kemur til framkvæmda vegna vaxta sem gjaldfalla og verða greiðslukræfir frá og með 1. september 2009 eða síðar.
5. Breytingar á tekjuskatti einstaklinga (hátekjuskattur) og á fjármagnstekjuskatti, tóku gildi við samþykkt frumvarpsins og koma til framkvæmda í staðgreiðslu frá og með 1. júlí 2009 og við álagningu opinberra gjalda 2010.

Umsögn Viðskiptaráðs við frumvarpið má nálgast [hér](#).

Bankasýsla ríkisins

Fyrir viðskiptanefnd Alþingis liggur frumvarp um stofnun Bankasýslu ríkisins, en henni er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ljóst er að leysa þarf úr þeim fjölmörgu álitamálum sem sköpuðust við yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum. Mikilvægt er að faglega sé staðið að þeirri úrlausn og að aðkoma ríkisins sé hafin yfir allan vafa og um hana settar ákveðnar leikreglur. Vegna þessa fellst Viðskiptaráð í megindráttum á þessar fyrirætlanir stjórnvalda, en þrátt fyrir það gerði ráðið talsverðar athugasemdir við frumvarpið.

Þannig skýtur það skökku við að stjórnvöld hyggjast setja þessi verkefni í opinbera stofnun, en ekki félag. Það gengur þvert gegn ráðleggingum nefndar um endurreisn fjármálakerfisins, en í fyrstu starfsáætlun hennar er beinlínis lagt til að ríkisstjórnin íhugi að stofna „sjálfstætt félag, með viðeigandi aðskilnaði frá hinu pólitíska valdi, er fari með eignarhlut ríkisins í bönkunum...“. Þá vekur það jafnframt spurningar að hvergi sé að finna samanburð á því hvernig sambærilegum málum hefur verið háttað í öðrum löndum, en í fyrrgreindri áætlun nefndarinnar segir að með stofnun sjálfstæðs móðurfélags væri ríkisstjórnin að fara að dæmi “yfirvalda í mörgum löndum”.

Til viðbótar við ofangreint gerði Viðskiptaráð margvíslegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins, en þar má nefna: Að gera þurfi mun ríkari kröfur um upplýsingagjöf en frumvarpið felur í sér; að fjármálaráðherra sé einum ætlað að skipa í stjórn stofnunarinnar; að hvergi sé fjallað um starfshætti stofnunarinnar séu aðrir hluthafar í viðkomandi félögum; að ekki skuli vera nægjanlega mikið litið til sölu fyrirtækjanna í gegnum Kauphöll Íslands og að of lítil áhersla sé lögð á sölu um leið og markaðsaðstæður leyfa. Vonir ráðsins standa til þess að viðskiptanefnd taki athugasemdir þessar til skoðunar við afgreiðslu málsins.

Umsögn Viðskiptaráðs við frumvarpið má nálgast [hér](#).

Fyrstu starfsáætlun nefndar um endurreisn fjármálakerfisins má nálgast [hér](#).

Sumaropnun á skrifstofu Viðskiptaráðs (20. júlí – 7. ágúst)

Athygli félagsmanna er vakin á því að opnunartími á skrifstofu Viðskiptaráðs mun taka breytingum frá og með mánudeginum 20. júlí næstkomandi. Frá þeim tíma og fram til föstudagsins 7. ágúst mun skrifstofan vera opin milli 9-14, í stað 8-16.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand héraðs og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Lánasamningur að andvirði 2,5 ma. kr.** við Svía, Norðmenn, Dani og Finna var undirritaður í gær.

Samkvæmt tilkynningu forsætisráðuneytisins er lánið þáttur í eflingu gjaldeyrisvaraforðans.

- **Vöruskipti voru jákvæð um 8,7 ma. kr. í júní** skv. bráðarbirgðatölum Hagstofunnar. Maí var níundi mánuðurinn í röð þar sem afgangur var af vöruskiptum og virðist sú þróun því ætla að halda áfram.
- **Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði í vikunni sem leið**, en hækkun vísitölunnar á öðrum ársfjórðungi nam um 21% og er það fyrsta hækkunin milli fjórðunga síðan 2007.
- **Lífeyrissjóðirnir eru reiðubúnir að veita allt að 100 mö. kr. til opinberra framkvæmda** á næstu fjórum árum.
- **Hugsanlegt er að tveir ríkisbankanna verði að hluta eða að fullu komnir í eigu erlendra aðila innan skamms**, skv. viðskiptaráðherra en efnahagsreikningar nýju bankanna eiga að liggja fyrir 17. júlí næstkomandi.
- **Innlendur skuldabréfamarkaður heldur áfram að dafna**, en júní mánuður var veltumesti mánuðurinn með skuldabréf á þessu ári.
- **Erlendir aðilar sýna innlendum fyrirtækjum áhuga**, en mikill áhuga er á kaupum á hlut OR og Hafnarfjarðarbæjar í HS Orku.
- **OECD telur að efnahagslæggðin í heiminum sé að ná botni** og að líkur séu á að birta muni til fyrr en áður var talið, en þetta kom fram í nýlegri skýrslu stofnunarinnar um efnahagsmál í heiminum.
- **Ríkissjóði hefur gengið vel að fjármagna sig með útgáfu skuldabréfa**, en skuldabréfaútgáfa Lánasýslunnar nemur 128 mö. kr. sem er næstum jafn mikið og ráðgert var fyrir árið allt.
- **Botni á íbúðaverði vestanhafs hefur hugsanlega verið náð**, er þetta mat sérfræðinga opinberu íbúðalánasjóðana þarlendis.
- **Mikið skrið er í frumkvöðlastarfsemi hérlendis**, stöðug sókn er í Hugmyndahús háskólanna og Hugmyndaráðuneytið, en á þriðja hundrað manns hafa nýtt sér þjónustu þeirra og er svo komið að nokkur fyrirtæki hafa þegar verið stofnuð.
- **Í vikunni sem leið fór hitinn í fyrsta sinn yfir 20 gráður** á árinu. Líkur eru á það gerist oftár næstu daga, sem ætti að gleðja landann sem nú flykkist í sumarfrí.

Góða helgi.